



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 197

Íslenzk-erlenda verzlunarfélagið

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 197

Íslensk-erlenda verzlunarfélagið

Friðrik Baldur Sigurbjörnsson, stofnandi og forstjóri Íslensk-erlenda verzlunarfélagsins, fæddist 14. júlí árið 1911 í Reykjavík. Hann lést 15. júní 1988.

Friðrik stofnaði Íslensk-erlenda verzlunarfélagið árið 1942 og var það til húsa að Tjarnargötu 18 í Reykjavík. Félagið hafði útibú í Færeyjum og bar heitið Activ. Kona Friðriks var Anna Stefánsdóttir, f. 4. ágúst 1917 á Auðnum, Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu, d. 10. nóvember 1985 í Reykjavík.

Anna Lára, dóttir Friðriks, færði safninu að gjöf skjöl föður síns þann 12. janúar 2001. Sjá einnig E-293.

Skjalaskrá

Askja 1

Ljósmyndir, tvær, svart-hvítar, teknar á sjöunda áratugnum ?? af húsi Íslensk-Erlenda nr. 18 við Tjarnargötu, önnur sýnir framhlið hússins, hin er tekin frá Suðurgötu; aftan á þeirri mynd er texti. Hús þetta séð frá þessu sama sjónarhorni teiknar listmálarinn Guðmundur Thorsteinsson, Muggur, á íslensk l'hombre-spil árið 1922 og voru spilin prentuð árið 1924 í Þýskalandi.

Viðskiptamannabók, janúar 1948 til marz 1951, í bókinni er einnig að finna: lausar arkir merktar Journal og eru frá 1947, strimil "Í sjóði" dagsettur 28/1 1948, bókhaldsblað dagsett 9/1/1950.

Viðskiptamannabók, júlí 1956 til desember 1959.

Viðskiptamannabók, september 1960 til desember 1961.

Skráð: Ragnhildur Bragadóttir

Viðbót við safnið var afhent Borgarskjalasafni Reykjavíkur 16. mars 2006 frá Danól hf. Danól (Daníel Ólafsson) hafði keypt Íslensk-erlenda verslunarfélagið hf.

Askja 2

Mappa merkt Íslensk-erlenda verslunarfélagið hf., umboð.

Rekstrar og efnahagsreikningur pr. 31. desember 1954 Íslensk-erlenda verzlunarfélagið h.f.

Skuldabréf og vaxtamiðar gefnir út af Íslensk-erlenda verzlunarfélaginu h.f.

Askja 3

Sjóðbók laus blöð er varðar viðskipti við erlenda aðila frá árunum 1942 til 1956.
Hlaupareikningshefti útgefin af Landsbanka Íslands: Reykjavík, útibúin á Selfossi og Ísafirði.

Útvegsbanki Íslands Reykjavík og útibúið á Seyðisfirði.

Búnaðarbanki Íslands: útibúin á Sauðárkróki, Akureyri, Egilsstöðum og Hellu.

Sparisjóður Hafnafjarðar, Sparisjóður Húnavatnssýslu Blönduósi, Sparisjóðurinn

Pundið, Lfnaðarbankinn útibúið í Hafnarfirði, Alþýðubankinn hf. Laugavegi 31,
Reykjavík,

Midland Bank Limited, The Chase Manhattan Bank merkt Friðrik Sigurbjörnssyni.

Viðskiptabók við Sparisjóð Húnavatnssýslu no. 4070

Sparisjóðs ávísanabók no. 522 Landsbanki Íslands Reykjavík ávísanir í bókinni
undirritaðar af Sigurbirni A Gíslasyni.

Sparisjóðsbók við Landsbankann í Reykjavík no.522 útgefin 3. júlí 1931 á Sigurbjörn
A. Gíslason

*Skráð í nóvember 2007,
Bergþóra Annasdóttir*